

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi
vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, og um hækkun
á aflahlut og breytt fiskverð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1., 2. og 3. málslíður 3. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, sbr. lög nr. 4 3. febrúar 1970 um breyting á þeim lögum, eru úr gildi felldir. Í stað orðsins „Kostnaðarhlutdeild“ í síðasta málslíð 3. gr. sömu laga komi orðin: Greiðsla samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur greiðsla kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laga nr. 79/1968 niður frá og með 1. ágúst 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð það, er nú gildir. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal gilda frá og með 1. ágúst 1971, og skal lágmarksverð á aðaltegundum fiskaflans, þorski og ýsu, hækka um 18—19%, en aðrar fisktegundir eftir nánari ákvörðun Verðlagsráðs.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um breyting á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 78/1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfalið sjóðfélagsins og hjónabandið staðið a. m. k. 5 ár.